



Kjartansmót Borðtennisdeildar KR 20. nóvember 2016

Borðtennisdeild KR heldur hið árlega Kjartansmót sunnudaginn 20. nóvember 2016 í Íþróttahúsi Hagaskóla. Mótið er haldið til heiðurs Kjartani Briem, fyrrverandi formanni Borðtennisdeildar KR. Mótið hefst með liðakeppni karla og kvenna. Keppt er í tveggja manna liðum í hverjum flokki. Síðdegis verður keppt í tvíliðaleik unglunga.

Tímaáætlun

- kl. 10:30 Liðakeppni karla
- kl. 12:30 Liðakeppni kvenna
- kl. 13:30 Tvíliðaleikur hnokka f. 2006 og síðar
- kl. 14:00 Tvíliðaleikur pílta f. 2004-2005
- kl. 14:30 Tvíliðaleikur sveina f. 2002-2003
- kl. 14:30 Tvíliðaleikur táta f. 2006 og síðar
- kl. 14:30 Tvíliðaleikur telpna f. 2004-2005
- kl. 14:30 Tvíliðaleikur meyja f. 2002-2003

Fyrirkomulag keppni

Spilaformið er tveir einliðaleikir og tvíliðaleikur og til að vinna heilan liðsleik þarf að vinna tvo staka leiki. Leikið verður í riðlum bæði í liðakeppni og í tvíliðaleik unglunga, og síðan með einföldum útslætti upp úr riðlunum. Engin röðun verður í liðakeppnina önnur en sú að leitast verður við að lið frá sama félagi lendi ekki saman í riðli.

Hvert lið samanstendur af tveimur leikmönnum, en leyfilegt er að tefla fram þriggja manna liðum. Mótanefnd mælist til þess að liðunum verði gefin nöfn, t.d. Garpar, Kempur.

Hver unglingur má aðeins leika í einum aldursflokki unglunga í tvíliðaleik en unglingar mega einnig leika í liðakeppni fullorðinna. Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka í tvíliðaleik ef færri en 4 lið eru skráð í flokkinn en samt sem áður verða veitt verðlaun fyrir hvern flokk fyrir sig.

Verðlaun

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 4 efstu sætin í hverjum flokki. Sigurliðin í liðakeppni karla og kvenna fá farandbikar, Kjartansbikarinn, gefinn af Kjartani Briem, til varðveislu í eitt ár. Sigurliðin í tvíliðaleik unglunga fá glaðning auk verðlaunapenings.

Þátttökugjöld

3.000 kr. á lið í liðakeppni fullorðinna ef greitt er á keppnisstað. Ef þátttökugjald er greitt við skráningu, eða í síðasta lagi 16. nóvember kl. 20.00, er veittur afsláttur og er þátttökugjaldið þá 2.500 kr. á lið.

Í tvíliðaleik unglunga er á sama hátt veittur afsláttur ef greitt er við skráningu. Þátttökugjaldið er 2.000 kr. á þar ef greitt er á mótsstað en 1.500 kr. ef greitt er við skráningu.

Gjaldið greiðist inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og **skal tekið fram fyrir hvaða leikmann er verið að greiða** á netfangið bordtennisdeildKR@gmail.com.

Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Skráning

Skráning fer fram á vef Tournament Software (<http://www.tournamentsoftware.com>) til kl. 20 miðvikudaginn 16. nóvember 2016. Setja skal kennitölu sem „Member ID“ og skrá þarf liðsfélaga eða meðspilara í tvíliðaleik. Á vef BTÍ (www.bordtennis.is) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 20 miðvikudaginn 16. nóvember 2016. **Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!** Þó má sleppa að skrá kennitölu liðsfélaga eða meðspilara í tvíliðaleik.

Bein slóð á skráningu fyrir liðakeppni fullorðinna:

<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=B101AAC7-201A-4534-82F9-3B5DE1B7EF9A>

Bein slóð á skráningu fyrir tvíliðaleik unglunga:

<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=3C43FB52-6951-4DC1-A6CB-41DB4A98B959>

Dregið verður í Kjartansmótið í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudagskvöldið 17. nóvember kl. 20:00. Drátturinn verður birtur á vefnum á slóðinni www.tournamentsoftware.com.

Leikið verður á Stiga expert borðum með Stiga hvítum 3ja stjörnu plastkúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Guðrún Gestsdóttir, hs. 551 4949, ggests@gmail.com

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómari: Finnur Hrafn Jónsson.